

## **Sérstakur sjóður sem styður við þátttöku erlendra barna í íþrótt- og tómstundastarfi**

*Sjóðurinn var settur á laggirnar árið 2015, hann hafði fyrst um sinn 500.000 kr. til umráða en fyrir árið 2019 var fjármagnið aukið í 1.000.000 kr. Lagt er til að reglum um styrk úr sérstökum sjóð séu endurskoðaðar á hverju ári með það í huga að sjóðurinn nýtist sem best.*

*Fyrir næsta ár er lagt til að reglurnar séu með þessum hætti:*

### **Reglur sjóðsins**

1. Sjóðnum er ætlað að styrkja börn, af erlendum uppruna með lögheimili í Hafnarfirði, til þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að aukinni virkni og þátttöku barna af erlendum uppruna með ýmsum hætti. Tilgangur sjóðsins er að gera börnum kleift að taka þátt í íþrótt- og tómstundastarfi, ferðum á vegum skóla og kaup á búnaði tengdum íþróttaiðkun, svo eitthvað sé nefnt, óháð efnahag fjölskyldna. Honum er ætlað að koma til móts við efnaminni fjölskyldur af erlendum uppruna í bæjarfélaginu í sérstökum aðstæðum með það að markmiði að auðvelda börnum af erlendum uppruna aðlögun að íslensku samfélagi.
2. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að sjóðurinn hafi til umráða 1.000.000 kr.
3. Stjórn sjóðsins skipa verkefnastjóri fjölmenningar, sem jafnframt er formaður, fagstjóri frístundarstarfs og framkvæmdastjóri ÍBH.
4. Verkefnastjóri fjölmenningar heldur utan um sjóðinn. Stjórn sjóðsins hittist mánaðarlega og fer yfir þær umsóknir sem borist hafa og tekur afstöðu til þeirra. Stjórn hefur heimild til að óska eftir frekari upplýsingum frá tengilið, foreldrum eða forsjáraðilum ef þurfa þykir. Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til að beina umsóknum í annan farveg komi í ljós að umsækjandi eigi rétt á niðurgreiðslu á kostnaði með öðrum hætti frá bæjarfélaginu.
5. Styrkir úr sjóðnum skulu að jafnaði veittir mánaðarlega á meðan sjóðurinn hefur fjármagn til umráða.
6. Verkefnastjóri fjölmenningar auglýsir sjóðinn a.m.k. um áramót og haust og oftast ef þurfa þykir. Auglýsingin skal vera í formi kynningar til þeirra sem vinna með börnum í bæjarfélaginu, t.a.m. félagsráðgjafa, íþróttafélaga, starfsmanna bæjarins og annarra. Í byrjun skólaárs skal sjóðurinn kynntur sérstaklega fyrir skólastjórnendum á fundi ásamt beiðni um að þeir komi upplýsingum um sjóðinn til námsráðgjafa, nemendaverndarráða skólanna og annarra starfsmanna.
7. Sótt skal um á þar til gert eyðublað sem nálgast má hjá stjórninni eða verkefnastjóra fjölmenningar. Tengiliður getur sótt um fyrir hönd barns en forráðamaður skal veita samþykki fyrir umsókninni.
8. Farið er með allar umsóknir og afgreiðslu sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað með niðurstöðu til þess sem sótti um fyrir hönd barns. Þegar umsókn hefur verið samþykkt greiðir sjóðurinn samkvæmt upplýsingum á fylgiskjali á umsóknareyðublaðinu að frádregnum frístundarstyrk.
9. Í lok árs skal verkefnastjóri fjölmenningar skila sviðstjóra mennta- og lýðsheilsusviðs og sviðsstjóra fjölskyldu- og barnamálasviðs, skýrslu þar sem gert grein fyrir styrkveitingum sjóðsins. Þar skulu koma fram upplýsingar um fjölda styrkja, upphæðir og eðli þeirra svo hægt sé að fylgjast með þörf og þróun.
10. Reglur þessar gilda fyrir árið 2020.